**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2021/1372** **2022/EES/34/11**

**frá 17. ágúst 2021**

**um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 að því er varðar bannið við því að fóðra alidýr sem ekki eru jórturdýr, önnur en loðdýr, á prótínum úr dýrum** (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar ([1]), einkum fyrstu málsgrein 23. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

1) Með reglugerð (EB) nr. 999/2001 eru settar reglur um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu smitandi svampheilakvilla (áður þýtt sem „smitandi heilahrörnunarsjúkdómar“). Hún gildir um framleiðslu lifandi dýra og afurða úr dýraríkinu og setningu þeirra á markað og, í tilteknum sértilvikum, um útflutning þeirra.

2) Með 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 999/2001 er bannað að jórturdýr séu fóðruð á prótíni úr dýrum. Með 2. mgr. 7. gr. þeirrar reglugerðar er bannið rýmkað þannig að það nær yfir önnur dýr en jórturdýr, eins og mælt er fyrir um í I. kafla IV. viðauka, en í II. til V. kafla eru settar fram og útlistaðar tilteknar undanþágur frá banninu, sem kveðið er á um í I. kafla, með sérstökum skilyrðum.

3) Í orðsendingu frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins og ráðsins, áætlunarskjal um smitandi svampheilakvilla fyrir árin 2010–2015 (hér á eftir nefnt leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla) ([2]), eru settar fram mögulegar breytingar á löggjöf Sambandsins til að aðlaga ráðstafanir til að koma í veg fyrir, verjast og útrýma smitandi svampheilakvilla að þróun faraldsfræðilegra aðstæðna varðandi kúariðu. Þar er einnig lögð áhersla á að allar endurskoðanir á reglum um smitandi svampheilakvilla ættu fyrst og fremst að stjórnast af vísindalegri ráðgjöf. Leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla fjallar um endurskoðun á núverandi ákvæðum um fóðurbann fyrir dýr sem eru ekki jórturdýr sem mælt er fyrir um í löggjöf Sambandsins.

4) Í leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla er viðurkennt, byggt á tveimur vísindalegum álitum sem nefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) um líffræðilega hættu gaf út 24. janúar 2007 annars vegar og 17. nóvember 2007 hins vegar, að engin tilfelli af smitandi svampheilakvilla hafi fundist við náttúruleg skilyrði í alidýrum sem ekki eru jórturdýr.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 295, 18.8.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 92/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

([1]) Stjtíð. EB L 147, 31.5.2001, bls. 1.

([2]) COM(2010)384, lokagerð, 16.7.2010.

5) Hinn 7. júní 2018 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um endurskoðun á megindlegu áhættumati á áhættu í tengslum við kúariðu af völdum unninna dýrapróténa ([3]). Í megindlega áhættumatinu var áætlað að heildarsmitvirkni kúariðu væri fjórum sinnum minni en áætlað var 2011 og búist við að færri en eitt nýtt tilvik kúariðu kæmi upp á hverju ári.

6) Hinn 22. september 2020 samþykkti Matvælaöryggisstofnunin vísindalegt álit um hugsanlega áhættu í tengslum við kúariðu í nautgripum sem stafar af notkun kollagens og gelatíns úr jórturdýrum í fóður handa alidýrum sem ekki eru jórturdýr ([4]). Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að líkurnar á því að engin ný tilvik kúariðu í nautgripastofnum yrðu til gegnum einhverja af þeim þremur áhættuleiðum sem voru tilgreindar í álitinu væru yfir 99% (næstum því öruggt).

7) Á sama tíma er áætlað að 100 000 tonnum af matvælum sem eru ekki lengur ætluð til neyslu, sem innihalda kollagen og/eða gelatín úr jórturdýrum, sé fargað í Sambandinu á hverju ári þar eð ekki er unnt að nota þau í fóður handa alidýrum samkvæmt núverandi reglum um fóðurbann.

8) Því ætti að fella brott bannið við því að fóðra alidýr sem ekki eru jórturdýr á kollageni og gelatíni úr jórturdýrum.

9) Í 11. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 ([5]) er lagt bann við því að fóðra landdýr af tilteknum tegundum, önnur en loðdýr, á unnu dýraprótíni úr skrokkum eða skrokkhlutum dýra af sömu tegund (endurvinnsla þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina).

10) Í leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla er einnig viðurkennt að áhætta á smiti af völdum kúariðu frá dýrum, sem ekki eru jórturdýr, yfir í dýr, sem ekki eru jórturdýr, sé óveruleg svo fremi að komist sé hjá endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina. Af þessum sökum er komist að þeirri niðurstöðu að hægt sé að taka til athugunar að aflétta banninu við notkun á unnu dýraprótíni út dýrum, sem ekki eru jórturdýr, í fóður handa dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og virða núverandi bann við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina.

11) Hinn 29. nóvember 2010 samþykkti ráðið niðurstöður um leiðabók 2 vegna smitandi svampheilakvilla ([6]). Í þessum niðurstöðum er tekið til athugunar að forsendan fyrir hugsanlegri endurinnleiðingu á notkun unnins dýraprótíns, sem er ekki úr jórturdýrum, í fóður fyrir aðrar tegundir, sem ekki eru jórturdýr, ætti að vera sú að skilvirkar og fullgiltar greiningaraðferðir séu tiltækar til að greina á milli unnins dýraprótíns sem kemur úr mismunandi tegundum og einnig að gerð hafi verið greining á áhættunni við slíka endurinnleiðingu í tengslum við heilbrigði dýra og lýðheilsu.

12) Á árinu 2012 fullgilti tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir dýraprótín í fóðri (EURL-AP) nýja greiningaraðferð, sem byggist á DNA-greiningu (kjarnsýrumögnun), en með henni er unnt að greina efni úr jórturdýrum sem kann að vera fyrir hendi í fóðri. Á árinu 2013 gerði fullgilding á þessari aðferð það kleift að leyfa aftur notkun unnins dýraprótíns, sem er ekki úr jórturdýrum, í fóður fyrir lagareldisdýr eins og sett er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 56/2013 ([7]).

13) Seinna fullgilti tilvísunarrannsóknarstofa Evrópusambandsins fyrir dýraprótín í fóðri kjarnsýrumögnunaraðferðir, annars vegar á árinu 2015 og hins vegar á árinu 2018, sem unnt er að greina með hvort efni úr svínum eða alifuglum er fyrir hendi í fóðri. Þess vegna gera þær það kleift að hafa eftirlit með réttri framkvæmd bannsins við endurvinnslu þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina að því er varðar svín og alifugla.

14) Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni til ráðsins og Evrópuþingsins um þróun plöntuprótína í Evrópusambandinu ([8]), sem var birt 22. nóvember 2018, er undirstrikuð þörfin til að draga úr því hvað Sambandið er háð þriðju löndum varðandi prótínbirgðir sínar. Frá næringarfræðilegu sjónarhorni eru unnin dýraprótín framúrskarandi fóðurefni sem innihalda

---

([3]) https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2018.5314

([4]) https://efsa.onlinelibrary.wiley.com/doi/full/10.2903/j.efsa.2020.6267

([5]) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009 frá 21. október 2009 um heilbrigðisreglur að því er varðar aukaafurðir úr dýrum og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1774/2002 (Stjtíð ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1).

([6]) http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/10/st13/st13889- ad01re01.en10.pdf

([7]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 56/2013 frá 16. janúar 2013 um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 frá 22. maí 2001 um setningu reglna um forvarnir gegn, eftirlit með og útrýmingu tiltekinna tegunda smitandi heilahrörnunar (Stjtíð. ESB L 21, 24.1.2013, bls. 3).

([8]) https://ec.europa.eu/info/sites/info/files/food-farming-fisheries/plants_and_plant_products/documents/report-plant-proteins-com2018-757-final_en.pdf

mikið magn af auðmeltanlegum næringarefnum, s.s. amínósýrum og fosfór, og mikið af vítamínum. Með því að leyfa aftur unnin dýraprótín úr öðrum dýrum en jórturdýrum í fóður handa öðrum dýrum en jórturdýrum myndi draga úr þessu hæði að því er varðar prótín frá þriðju löndum.

15) Því ætti að leyfa aftur notkun á unnu dýraprótíni úr svínum í fóður handa alifuglum og á unnu dýraprótíni úr alifuglum í fóður handa svínum. Strangar kröfur ættu að gilda við söfnun, flutning og vinnslu á þessum vörum og framkvæma ætti reglubundna sýnatöku og greiningu til að komast hjá hvers konar áhættu og stuðla að sannprófun á því að víxlmengun við bannað prótín úr jórturdýrum og endurvinnsla þegar um er að ræða eina og sömu dýrategundina séu ekki fyrir hendi.

16) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/893 ([9]) var leyft að nota unnið dýraprótín úr skordýrum og fóðurblöndur sem innihalda slíkt unnið dýraprótín til fóðrunar lagareldisdýra. Alifuglar eru skordýraætur, svín eru kjötætur og það eru engin áhyggjuefni varðandi þetta fóðurefni. Af þessu leiðir að leyfa ætti unnið dýraprótín úr skordýrum til að fóðra alifugla og svín með sömu skilyrðum og gilda um fóðrun lagareldisdýra.

17) Því ætti að breyta IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 til samræmis við það.

18) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

*2. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. ágúst 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*

---

([9]) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/893 frá 24. maí 2017 um breytingu á I. og IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001 og X., XIV. og XV. viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 142/2011 að því er varðar ákvæði um unnið dýraprótín (Stjtíð. ESB L 138, 25.5.2017, bls. 92).

*VIÐAUKI*

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 999/2001 er breytt sem hér segir:

1) Í stað b-liðar I. kafla kemur eftirfarandi:

„b) alidýra, sem ekki eru jórturdýr, annarra en loðdýra, með:

i. unnu dýraprótíni,

ii. blóðafurðum,

iii. vatnsrofnu prótíni úr dýraríkinu,

iv. tvíkalsíumfosfati og þríkalsíumfosfati úr dýraríkinu,

v. fóðri sem inniheldur afurðirnar sem taldar eru upp í i. til iv. lið.“

2) Eftirfarandi liðum er bætt við í II. kafla:

„f) alifugla á eftirfarandi fóðurefnum og fóðurblöndum:

i. unnu dýraprótíni úr svínum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í G-þætti IV. kafla,

ii. unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í F-þætti IV. kafla,

g) svína á eftirfarandi fóðurefnum og fóðurblöndum:

i. unnu dýraprótíni úr alifuglum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í H-þætti IV. kafla,

ii. unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, sem eru framleidd, sett á markað og notuð í samræmi við almennu skilyrðin sem mælt er fyrir um í III. kafla og sérstöku skilyrðin sem mælt er fyrir um í F-þætti IV. kafla.“

3) Ákvæðum III. kafla er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum A-þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað a-liðar 1. liðar kemur eftirfarandi:

„a) unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl, unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, unnið dýraprótín úr svínum og unnið dýraprótín úr alifuglum.“

ii. Í stað 4. og 5. liðar kemur eftirfarandi:

„4. Unnið dýraprótín í lausu úr svínum og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum og alifuglum.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýraprótíni í lausu úr svínum og fóðurblöndum í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum og alifuglum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.“

iii. Eftirfarandi liðum er bætt við:

„6. Unnið dýraprótín í lausu úr alifuglum og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum og svínum.

7. Þrátt fyrir ákvæði 6. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýraprótíni í lausu úr alifuglum og fóðurblöndum í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum og svínum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

8. Unnið dýraprótín í lausu úr öldum skordýrum og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, alifuglum og svínum.

9. Þrátt fyrir ákvæði 8. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýraprótíni í lausu úr öldum skordýrum og fóðurblöndum í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, alifuglum og svínum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

10. Unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, að undanskildu fiskimjöli og unnu dýraprótíni úr alifuglum, svínum og öldum skordýrum, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slíkt unnið dýraprótín, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum.

11. Þrátt fyrir ákvæði 10. liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á afurðunum sem um getur í þeim lið, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem ætlað er alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.“

b) Ákvæðum B-þáttar er breytt sem hér segir:

i. Eftirfarandi liðum er bætt við í 1. lið:

„d) unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

e) unnið dýraprótín úr svínum,

f) unnið dýraprótín úr alifuglum.“

ii. Í stað b-liðar 3. liðar kemur eftirfarandi:

„b) þeir skulu einungis halda dýr sem ekki eru jórturdýr og:

i. ef þeir halda alifugla skulu þeir ekki framleiða heilfóður úr fóðurblöndu sem inniheldur unnið dýraprótín úr alifuglum,

ii. ef þeir halda svín skulu þeir ekki framleiða heilfóður úr fóðurblöndu sem inniheldur unnið dýraprótín úr svínum,“.

c) Í stað a-liðar í C-þætti kemur eftirfarandi:

„a) unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl, unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, unnið dýraprótín úr svínum og unnið dýraprótín úr alifuglum,“.

d) Í stað a-liðar 1. liðar í D-þætti kemur eftirfarandi:

„a) unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, þ.m.t. fiskimjöl, unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, unnið dýraprótín úr svínum og unnið dýraprótín úr alifuglum,“.

4) Ákvæðum IV. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í D-þætti kemur eftirfarandi:

„a) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti, skulu koma frá einu/einni eða fleiri af eftirfarandi:

i. sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, þar sem jórturdýrum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum er ekki slátrað,

ii. stykkjunarstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum,

iii. öðrum starfsstöðvum en þeim sem um getur í i. eða ii. lið sem eru skráðar eða samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem meðhöndla ekki afurðir úr jórturdýrum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jórturdýrum,

iv. samþykktum starfsstöðvum sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla eða geyma einungis aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem koma frá starfsstöðvum sem um getur í i., ii. og iii. lið.

Þrátt fyrir i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa slátrun jórturdýra og meðhöndlun afurða úr jórturdýrum í starfsstöðvum, sem um getur í i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar, sem framleiða aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem eru ætlaðar til framleiðslu á unna dýraprótíninu sem um getur í þessum þætti.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar vettvangsskoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jórturdýrum og dýrum sem ekki eru jórturdýr, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) slátrun dýra, sem ekki eru jórturdýr, skal fara fram á línum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línum sem eru notaðar við slátrun jórturdýra,

2) afurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skulu meðhöndlaðar á framleiðslulínum sem eru algerlega aðskildar frá þeim framleiðslulínum sem notaðar eru til að meðhöndla afurðir úr jórturdýrum,

3) aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og pökkun á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jórturdýrum,

4) reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skulu fara fram til að greina hvort prótín úr jórturdýrum eru til staðar. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.“

b) Í stað F-þáttar kemur eftirfarandi:

„*F-ÞÁTTUR*

***Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra, alifugla og svína***

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt unnið dýraprótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar lagareldisdýra, alifugla og svína:

a) Unnið dýraprótín úr öldum skordýrum skal framleitt:

i. í vinnslustöðvum sem eru samþykktar í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á afurðum úr öldum skordýrum,

ii. í samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. þætti II. kafla X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 142/2011.

Þrátt fyrir skilyrðin sem kveðið er á um í i. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa framleiðslu á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum í vinnslustöðvum þar sem aukaafurðir úr öðrum dýrategundum eru unnar.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli unnins dýraprótíns úr öldum skordýrum og unnins dýraprótíns úr öðrum alidýrum, séu fullnægjandi.

Þessar forvarnarráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

— framleiðsla á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum eða dýrum sem ekki eru jórturdýr, öðrum en skordýrum, skal fara fram í lokuðu kerfi sem er algerlega aðskilið frá því kerfi sem er notað til að framleiða unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

— aukaafurðir úr jórturdýrum eða dýrum sem ekki eru jórturdýr, öðrum en skordýrum, skulu geymdar, meðan á geymslu og flutningi stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir aukaafurðir úr öldum skordýrum,

— unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða dýrum sem ekki eru jórturdýr, öðrum en skordýrum, skal geymt, meðan á geymslu og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu sem er notuð fyrir fullunnar vörur úr öldum skordýrum,

— reglubundin sýnataka og greining á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum skal fara fram til að staðfesta að víxlmengun við unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða öðrum dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sé ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum greiningar á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS); niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

b) Fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum skulu framleiddar í starfsstöðvum:

i. sem lögbært yfirvald hefur leyft í þessum tilgangi,

ii. sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir lagareldisdýr, alifugla eða svín.

Þrátt fyrir i. lið fyrstu málsgreinar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

— lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

— þeir halda ekki alidýr, eins og þau eru skilgreind í a-lið 6. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, önnur en lagareldisdýr, alifugla, svín eða loðdýr,

— fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótín úr öldum skordýrum og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótín.

Þrátt fyrir ii. lið fyrstu málsgreinar getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, sem er ætlað fyrir lagareldisdýr, alifugla eða svín, í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fóðurblöndur sem eru ætlaðar fyrir önnur alidýr, að undanskildum loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar jórturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar lagareldisdýrum, alifuglum eða svínum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum og sölu á fóðurblöndum, sem innihalda slíkt prótín, í a.m.k. fimm ár,

— reglubundin sýnataka og greining á fóðurblöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en lagareldisdýrum, alifuglum eða svínum skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

c) Viðskiptaskjal eða, eins og við á, heilbrigðisvottorð sem fylgir unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, merkimiðinn á þessu unna dýraprótíni úr öldum skordýrum og merkimiðinn á fóðurblöndu sem inniheldur unnið dýraprótín úr öldum skordýrum skulu greinilega merkt í samræmi við G-þátt V. kafla þessa viðauka.“

c) Eftirfarandi þáttum er bætt við:

***„G-ÞÁTTUR***

***Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr svínum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar alifugla***

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr svínum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar alifugla (unnið dýraprótín úr svínum):

a) Aukaafurðir úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum, skulu koma frá einu/einni eða fleiri af eftirfarandi:

i. sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, þar sem jórturdýrum og alifuglum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum og alifuglum er ekki slátrað,

ii. stykkjunarstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum eða alifuglum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum eða alifuglum,

iii. öðrum starfsstöðvum en þeim sem um getur í i. eða ii. lið sem eru skráðar eða samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem meðhöndla ekki afurðir úr jórturdýrum og alifuglum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jórturdýrum og alifuglum,

iv. samþykktum starfsstöðvum sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla eða geyma einungis aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem koma frá starfsstöðvum sem um getur í i., ii. og iii. lið.

Þrátt fyrir i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa slátrun jórturdýra eða alifugla og meðhöndlun afurða úr jórturdýrum eða alifuglum í starfsstöðvum, sem um getur í i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar, sem framleiða aukaafurðir úr svínum sem eru ætlaðar til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar vettvangsskoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jórturdýrum eða alifuglum og svínum, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) slátrun svína skal fara fram á línum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línum sem eru notaðar við slátrun jórturdýra eða alifugla,

2) afurðir úr svínum skulu meðhöndlaðar á framleiðslulínum sem eru algerlega aðskildar frá þeim framleiðslulínum sem notaðar eru til að meðhöndla afurðir úr jórturdýrum eða alifuglum,

3) aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og pökkun á aukaafurðum úr svínum skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jórturdýrum eða alifuglum,

4) reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr svínum skulu fara fram til að greina hvort prótín úr jórturdýrum eða alifuglum eru til staðar. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.

b) Aukaafurðirnar úr svínum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum skulu fluttar til vinnslustöðvar með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á aukaafurðum úr jórturdýrum eða alifuglum.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein má flytja þær með ökutækjum og í ílátum sem áður hafa verið notuð til flutninga á aukaafurðum úr jórturdýrum eða alifuglum, að því tilskildu að þessi ökutæki og ílát hafi verið hreinsuð áður til að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

c) Unnið dýraprótín úr svínum skal framleitt í vinnslustöðvum:

i. sem eru eingöngu ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum frá sláturhúsum, stykkjunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum sem um getur í a-lið,

ii. sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar þar sem aukaafurðir úr jórturdýrum eða alifuglum eru ekki unnar.

Þrátt fyrir ii. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum í vinnslustöðvum þar sem aukaafurðir úr jórturdýrum eða alifuglum eru unnar.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli unnins dýraprótíns úr jórturdýrum eða alifuglum og unnins dýraprótíns úr svínum séu fullnægjandi.

Þessar forvarnarráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) framleiðsla á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum eða alifuglum skal fara fram í lokuðu kerfi sem er algerlega aðskilið frá því kerfi sem er notað til að framleiða unnið dýraprótín úr svínum,

2) aukaafurðir úr jórturdýrum og alifuglum skulu geymdar, meðan á geymslu og flutningi stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir aukaafurðir úr svínum,

3) unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða alifuglum skal geymt, meðan á geymslu og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir fullunnar vörur úr svínum,

4) reglubundin sýnataka og greining á unnu dýraprótíni úr svínum skal fara fram til að staðfesta að víxlmengun við unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða alifuglum sé ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum greiningar á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS); niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

d) Fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum skulu framleiddar í starfsstöðvum:

i. sem lögbært yfirvald hefur leyft í þessum tilgangi,

ii. sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir alifugla, lagareldisdýr eða loðdýr.

Þrátt fyrir i. lið fyrstu málsgreinar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

— lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum,

— þeir halda ekki alidýr, eins og þau eru skilgreind í a-lið 6. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, önnur en alifugla, lagareldisdýr eða loðdýr,

— fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótín úr svínum og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótín.

Þrátt fyrir ii. lið fyrstu málsgreinar getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fóðurblöndum fyrir alifugla, sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum, í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fóðurblöndur sem eru ætlaðar fyrir alidýr, að undanskildum lagareldisdýrum og loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar jórturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar svínum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á unnu dýraprótíni úr svínum og sölu á fóðurblöndum, sem innihalda slíkt prótín, í a.m.k. fimm ár,

— reglubundin sýnataka og greining á fóðurblöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en alifuglum, lagareldisdýrum og loðdýrum skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

e) Viðskiptaskjal eða, eins og við á, heilbrigðisvottorð sem fylgir unnu dýraprótíni úr svínum, í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, merkimiðinn á þessu unna dýraprótíni úr svínum og merkimiðinn á fóðurblöndu sem inniheldur unnið dýraprótín úr svínum skulu greinilega merkt í samræmi við G-þátt V. kafla þessa viðauka.

***H-ÞÁTTUR***

***Sérstök skilyrði sem gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr alifuglum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar svína***

Eftirfarandi sérstök skilyrði gilda um framleiðslu og notkun á unnu dýraprótíni úr alifuglum og fóðurblöndum sem innihalda slíkt prótín sem ætlunin er að nota til fóðrunar svína (unnið dýraprótín úr alifuglum):

a) Aukaafurðirnar úr dýrum, sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unna dýraprótíninu úr alifuglum, skulu koma frá einu/einni eða nokkrum af eftirfarandi:

i. sláturhúsum sem eru samþykkt í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, þar sem jórturdýrum og svínum er ekki slátrað og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum og svínum er ekki slátrað,

ii. stykkjunarstöðvum sem eru samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum eða svínum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem stykkjunarstöðvar sem hvorki úrbeina né skera kjöt af jórturdýrum eða svínum,

iii. öðrum starfsstöðvum en þeim sem um getur í i. eða ii. lið sem eru skráðar eða samþykktar í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, sem meðhöndla ekki afurðir úr jórturdýrum og svínum og sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla ekki afurðir af jórturdýrum og svínum,

iv. samþykktum starfsstöðvum sem um getur í h- og i-lið 1. mgr. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar sem meðhöndla eða geyma einungis aukaafurðir úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem koma frá starfsstöðvum sem um getur í i., ii. og iii. lið.

Þrátt fyrir i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa slátrun jórturdýra eða svína og meðhöndlun afurða úr jórturdýrum eða svínum í starfsstöðvum, sem um getur í i., ii. og iii. lið fyrstu málsgreinar, sem framleiða aukaafurðir úr alifuglum sem eru ætlaðar til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr alifuglum.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar vettvangsskoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli aukaafurða úr jórturdýrum eða svínum og alifuglum, séu fullnægjandi.

Þessar ráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) slátrun alifugla skal fara fram á línum sem eru algerlega aðskildar frá þeim línum sem eru notaðar við slátrun jórturdýra eða svína,

2) afurðir úr alifuglum skulu meðhöndlaðar á framleiðslulínum sem eru algerlega aðskildar frá þeim framleiðslulínum sem notaðar eru til að meðhöndla afurðir úr jórturdýrum eða svínum,

3) aðstöðu fyrir söfnun, geymslu, flutning og pökkun á aukaafurðum úr alifuglum skal haldið aðskilinni frá aðstöðu sem er notuð fyrir aukaafurðir úr jórturdýrum eða svínum,

4) reglubundin sýnataka og greiningar á aukaafurðum úr alifuglum skulu fara fram til að greina hvort prótín úr jórturdýrum eða svínum eru til staðar. Greiningaraðferðin sem notuð er skal vera vísindalega fullgilt í þessu skyni. Tíðni sýnatöku og greiningar skal ákvörðuð á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS.

b) Aukaafurðirnar úr alifuglum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr alifuglum skulu fluttar til vinnslustöðvar með ökutækjum og í ílátum sem ekki eru notuð til flutninga á aukaafurðum úr jórturdýrum eða svínum.

Þrátt fyrir fyrstu málsgrein má flytja þær með ökutækjum og í ílátum sem áður hafa verið notuð til flutninga á aukaafurðum úr jórturdýrum eða svínum, að því tilskildu að þessi ökutæki og ílát hafi verið hreinsuð áður til að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir.

Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

c) Unnið dýraprótín úr alifuglum skal framleitt í vinnslustöðvum:

i. sem eru eingöngu ætlaðar til vinnslu á aukaafurðum úr dýrum frá sláturhúsum, stykkjunarstöðvum eða öðrum starfsstöðvum sem um getur í a-lið,

ii. sem lögbært yfirvald hefur skráð sem starfsstöðvar þar sem aukaafurðir úr jórturdýrum eða svínum eru ekki unnar.

Þrátt fyrir ii. lið fyrstu málsgreinar er lögbæru yfirvaldi heimilt að leyfa framleiðslu á unnu dýraprótíni úr alifuglum í vinnslustöðvum þar sem aukaafurðir úr jórturdýrum eða svínum eru unnar.

Einungis má veita þessa heimild ef lögbært yfirvald telur víst, í kjölfar skoðunar, að ráðstafanir, sem miða að því að koma í veg fyrir víxlmengun milli unnins dýraprótíns úr jórturdýrum eða svínum og unnins dýraprótíns úr alifuglum, séu fullnægjandi.

Þessar forvarnarráðstafanir skulu fela í sér eftirfarandi lágmarkskröfur:

1) framleiðsla á unnu dýraprótíni úr jórturdýrum eða svínum skal fara fram í lokuðu kerfi sem er algerlega aðskilið frá því kerfi sem er notað til að framleiða unnið dýraprótín úr alifuglum,

2) aukaafurðir úr jórturdýrum eða svínum skulu geymdar, meðan á geymslu og flutningi stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir aukaafurðir úr alifuglum,

3) unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða svínum skal geymt, meðan á geymslu og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu fyrir fullunnar afurðir úr alifuglum,

4) reglubundin sýnataka og greining á unnu dýraprótíni úr alifuglum skal fara fram til að staðfesta að víxlmengun við unnið dýraprótín úr jórturdýrum eða svínum sé ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni sýnatökunnar og greiningarinnar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem

rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum greiningar á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS); niðurstöður úr slíkri sýnatöku og greiningu skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

d) Fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum skulu framleiddar í starfsstöðvum:

i. sem lögbært yfirvald hefur leyft í þessum tilgangi,

ii. sem eru eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðri fyrir svín, lagareldisdýr eða loðdýr.

Þrátt fyrir i. lið fyrstu málsgreinar skal þess ekki krafist að þeir sem blanda fóður heima hjá sér þurfi sérstaka heimild til framleiðslu á heilfóðri úr fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum, ef þeir fara að eftirfarandi skilyrðum:

— lögbært yfirvald hefur skráð þá sem framleiðendur heilfóðurs úr fóðurblöndum sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum,

— þeir halda ekki alidýr, eins og þau eru skilgreind í a-lið 6. liðar 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, önnur en svín, lagareldisdýr eða loðdýr,

— fóðurblandan, sem inniheldur unnið dýraprótín úr alifuglum og er notuð í framleiðslu þeirra, inniheldur minna en 50% hráprótín.

Þrátt fyrir ii. lið fyrstu málsgreinar getur lögbært yfirvald heimilað framleiðslu á fóðurblöndum fyrir svín, sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum, í starfsstöðvum þar sem einnig eru framleiddar fóðurblöndur sem eru ætlaðar fyrir alidýr, að undanskildum lagareldisdýrum og loðdýrum, í kjölfar vettvangsskoðunar að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar jórturdýrum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— fóðurblöndur sem eru ætlaðar alifuglum skulu framleiddar og geymdar, meðan á geymslu, flutningi og pökkun stendur, í aðstöðu sem er algerlega aðskilin frá aðstöðu þar sem fóðurblöndur fyrir önnur dýr, sem ekki eru jórturdýr, eru framleiddar og geymdar,

— lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám með upplýsingum um kaup og notkun á unnu dýraprótíni úr alifuglum og sölu á fóðurblöndum, sem innihalda slíkt prótín, í a.m.k. fimm ár,

— reglubundin sýnataka og greining á fóðurblöndum, sem ætlaðar eru alidýrum öðrum en alifuglum, lagareldisdýrum og loðdýrum skal fara fram til að staðfesta að óleyfileg innihaldsefni úr dýraríkinu séu ekki fyrir hendi, með notkun greiningaraðferða til að ákvarða innihaldsefni úr dýraríkinu vegna eftirlits með fóðri sem settar eru fram í VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 152/2009; tíðni slíkrar sýnatöku og greiningar skal ákveðin á grundvelli áhættumats sem rekstraraðili framkvæmir sem hluta af aðferðum sínum sem grundvallast á meginreglum GáHMSS; niðurstöðurnar skulu vera til reiðu fyrir lögbært yfirvald í a.m.k. fimm ár.

e) Viðskiptaskjal eða, eins og við á, heilbrigðisvottorð sem fylgir unnu dýraprótíni úr alifuglum, í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, merkimiðinn á þessu unna dýraprótíni úr alifuglum og merkimiðinn á fóðurblöndu sem inniheldur unnið dýraprótín úr alifuglum skulu greinilega merkt í samræmi við G-þátt V. kafla þessa viðauka.“

5) Ákvæðum V. kafla er breytt sem hér segir:

a) Í stað A-þáttar kemur eftirfarandi:

„***A-ÞÁTTUR***

***Skráningar***

1. Aðildarríkin skulu halda skrár, sem eru uppfærðar og aðgengilegar öllum, um:

   a) sláturhús, sem eru skráð sem sláturhús þar sem jórturdýrum er ekki slátrað, í samræmi við fyrsta lið a-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús þar sem hægt er að fá blóð sem er framleitt í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar C-þáttar IV. kafla,

   b) sláturhús, stykkjunarstöðvar, aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum og starfsstöðvar fyrir aukaafurðir úr dýrum sem eru skráð(ar) þannig, eftir því sem við á, að þar sé jórturdýrum ekki slátrað, kjöt af jórturdýrum hvorki úrbeinað né skorið, afurðir af jórturdýrum ekki meðhöndlaðar og aukaafurðir úr dýrum sem koma frá þessum starfsstöðvum í matvælageiranum einungis meðhöndlaðar eða geymdar, þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, í samræmi við fyrsta lið a-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús, stykkjunarstöðvar og aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar D-þáttar IV. kafla,

   c) sláturhús, stykkjunarstöðvar, aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum og starfsstöðvar fyrir aukaafurðir úr dýrum sem eru skráð(ar) þannig, eftir því sem við á, að þar sé jórturdýrum og alifuglum ekki slátrað, kjöt af jórturdýrum og alifuglum hvorki úrbeinað né skorið, afurðir af jórturdýrum og alifuglum ekki meðhöndlaðar og aukaafurðir úr dýrum sem koma frá þessum starfsstöðvum í matvælageiranum einungis meðhöndlaðar eða geymdar, þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum, í samræmi við fyrsta lið a-liðar G-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús, stykkjunarstöðvar og aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr svínum, í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar G-þáttar IV. kafla,

   d) sláturhús, stykkjunarstöðvar, aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum og starfsstöðvar fyrir aukaafurðir úr dýrum sem eru skráð(ar) þannig, eftir því sem við á, að þar sé jórturdýrum og svínum ekki slátrað, kjöt af jórturdýrum og svínum hvorki úrbeinað né skorið, afurðir af jórturdýrum og svínum ekki meðhöndlaðar og aukaafurðir úr dýrum sem koma frá þessum starfsstöðvum í matvælageiranum einungis meðhöndlaðar eða geymdar, þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr alifuglum, í samræmi við fyrsta lið a-liðar H-þáttar IV. kafla, sem og leyfð sláturhús, stykkjunarstöðvar og aðrar starfsstöðvar í matvælageiranum þar sem hægt er að fá aukaafurðir úr dýrum sem ætlunin er að nota til framleiðslu á unnu dýraprótíni úr alifuglum, í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið a-liðar H-þáttar IV. kafla,

   e) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem eingöngu er unnið blóð sem kemur ekki úr jórturdýrum, í samræmi við fyrsta lið c-liðar C-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleiddar eru blóðafurðir í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar C-þáttar IV.kafla,

   f) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem ekki eru unnar aukaafurðir úr jórturdýrum í samræmi við fyrsta lið c-liðar D-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem starfa í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar D-þáttar IV. kafla,

g) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem ekki eru unnar aukaafurðir úr jórturdýrum og alifuglum í samræmi við fyrsta lið c-liðar G-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýraprótín úr svínum, sem starfa í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar G-þáttar IV. kafla,

h) vinnslustöðvar, sem eru skráðar sem vinnslustöðvar þar sem ekki eru unnar aukaafurðir úr jórturdýrum og svínum í samræmi við fyrsta lið c-liðar H-þáttar IV. kafla, sem og leyfðar vinnslustöðvar þar sem framleitt er unnið dýraprótín úr alifuglum, sem starfa í samræmi við annan, þriðja og fjórða lið c-liðar H-þáttar IV. kafla,

i) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleitt er/framleiddar eru, í samræmi við B-þátt III. kafla, fóðurblöndur sem innihalda fiskimjöl, tvíkalsíumfosfat og þríkalsíumfosfat úr dýraríkinu, blóðafurðir úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, unnið dýraprótín úr svínum eða unnið dýraprótín úr alifuglum,

j) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, sem og leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem eingöngu eru framleiddar, í samræmi við ii. lið b-liðar 3. liðar E-þáttar V. kafla, fóðurblöndur til útflutnings frá Sambandinu eða fóðurblöndur til útflutnings frá Sambandinu og fóðurblöndur fyrir lagareldisdýr sem setja skal á markað,

k) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleidd er, í samræmi við d-lið E-þáttar IV. kafla, staðgöngumjólk sem inniheldur fiskimjöl sem ætluð er öldum jórturdýrum sem ekki er búið að venja undan,

l) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við b-lið F-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum,

m) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við b-lið G-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum, sem ætlaðar eru alifuglum,

n) leyfðar starfsstöðvar fyrir fóðurblöndur þar sem framleiddar eru, í samræmi við b-lið H-þáttar IV. kafla, fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum, sem ætlaðar eru svínum,

o) geymslustöðvar sem eru leyfðar í samræmi við 3. lið A-þáttar III. kafla eða í samræmi við þriðja lið d-liðar í 3. lið E-þáttar V. kafla.

2. Aðildarríkin skulu halda uppfærðar skrár yfir þá sem blanda fóður heima hjá sér sem skráðir eru í samræmi við 3. lið B-þáttar III. kafla, ii. lið d-liðar D-þáttar IV. kafla, ii. lið b-liðar F-þáttar, ii. lið d-liðar G-þáttar og ii. lið d-liðar H-þáttar.“

b) Ákvæðum C-þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað 2. liðar kemur eftirfarandi:

„2. Fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, skulu ekki framleiddar í starfsstöðvum sem framleiða fóður fyrir alidýr önnur en loðdýr eða lagareldisdýr.“

ii. Eftirfarandi lið er bætt við:

„3. Þrátt fyrir 2. lið:

i. er heimilt að framleiða fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda fiskimjöl í starfsstöðvum sem framleiða fóður handa alidýrum sem ekki eru jórturdýr og staðgöngumjólk til að fóðra jórturdýr sem ekki er búið að venja undan,

ii. er heimilt að framleiða fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum í starfsstöðvum sem framleiða fóður handa alifuglum eða svínum að því tilskildu að unna dýraprótínið úr öldum skordýrum uppfylli ákvæði a-liðar F-þáttar IV. kafla,

iii. er heimilt að framleiða fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótín úr svínum í starfsstöðvum sem framleiða fóður handa alifuglum að því tilskildu að unna dýraprótínið úr svínum uppfylli ákvæði a-, b- og c-liðar G-þáttar IV. kafla,

iv. er heimilt að framleiða fóðurblöndur, sem eru ætlaðar loðdýrum eða gæludýrum, sem innihalda unnið dýraprótín úr alifuglum í starfsstöðvum sem framleiða fóður handa svínum að því tilskildu að unna dýraprótínið úr alifuglum uppfylli ákvæði a-, b- og c-liðar H-þáttar IV. kafla.“

c) Í stað 3. liðar í E-þætti kemur eftirfarandi:

„3. Einungis skal heimila útflutning á unnu dýraprótíni úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, eða fóðurblöndu, sem inniheldur slíkt prótín, að því tilskildu að eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:

a) Unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr skal framleitt í vinnslustöðvum sem uppfylla kröfurnar í c-lið D-þáttar IV. kafla eða í i. lið a-liðar F-þáttar IV. kafla eða í c-lið G-þáttar IV. kafla eða í c-lið H-þáttar IV. kafla.

b) Fóðurblöndur, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skulu framleiddar í starfsstöðvum fyrir fóðurblöndur sem:

i. framleiða afurðir sínar í samræmi við d-lið D-þáttar IV. kafla eða b-lið F-þáttar IV. kafla eða d-lið G-þáttar IV. kafla eða d-lið H-þáttar IV. kafla eða

ii. fá unna dýraprótínið, sem notað er í fóðurblöndur sem eru ætlaðar til útflutnings, frá vinnslustöðvum sem uppfylla a-lið og eru annaðhvort:

— eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi eða

— eingöngu ætlaðar til framleiðslu á fóðurblöndum til útflutnings frá Sambandinu og framleiðslu á fóðurblöndum fyrir lagareldisdýr, alifugla eða svín, sem setja skal á markað í Sambandinu, og hafa fengið til þess leyfi hjá lögbæru yfirvaldi.

c) Fóðurblöndum, sem innihalda unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, skal pakkað og þær merktar í samræmi við löggjöf Sambandsins eða lagaskilyrði innflutningslandsins. Ef fóðurblanda, sem inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr, er ekki merkt í samræmi við löggjöf Sambandsins skulu eftirfarandi orð koma fram á merkingunni: „inniheldur unnið dýraprótín úr dýrum sem ekki eru jórturdýr“.

d) Unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótín og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, skulu flutt með ökutækjum og í ílátum og geymd í geymsluaðstöðu sem ekki eru notuð til að flytja eða geyma fóður sem setja skal á markað og ætlað er til fóðrunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skrám, þar sem tilgreint er hvaða tegundir afurða voru fluttar eða geymdar, í a.m.k. tvö ár.

Þrátt fyrir ákvæði fyrsta liðar má nota ökutæki, ílát og geymsluaðstöðu, sem hafa verið notuð áður til flutninga eða geymslu á unnu dýraprótíni í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndum í lausu, sem innihalda slík prótín, og ætluð eru til útflutnings frá Sambandinu, síðar til flutninga eða geymslu á fóðri sem setja skal á markað og sem ætlað er til fóðrunar á jórturdýrum eða alidýrum, sem ekki eru jórturdýr, öðrum en lagareldisdýrum, að því tilskildu að þau séu hreinsuð áður til þess að forðast víxlmengun, í samræmi við skjalfesta verklagsreglu sem lögbært yfirvald hefur áður veitt leyfi fyrir. Lögbært yfirvald skal hafa aðgang að skjalfestri skrá yfir slíka notkun, þegar slík tilhögun er viðhöfð, í a.m.k. tvö ár.

Geymslustöðvar sem geyma unnið dýraprótín í lausu úr dýrum, sem ekki eru jórturdýr, og fóðurblöndur í lausu, sem innihalda slík prótín, samkvæmt þeim skilyrðum sem sett eru fram í öðrum lið d-liðar skulu fá leyfi hjá lögbæru yfirvaldi á grundvelli sannprófunar á því hvort þær uppfylli kröfurnar sem tilgreindar eru í fyrrgreindum lið.“

d) Eftirfarandi þætti er bætt við:

***„G-ÞÁTTUR***

***Fylgiskjal og merkingar á unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, svínum eða alifuglum og fóðurblöndu sem inniheldur slíkt unnið dýraprótín***

1. Viðskiptaskjal eða, eins og við á, heilbrigðisvottorð sem fylgir unnu dýraprótíni úr öldum skordýrum, svínum eða alifuglum í samræmi við 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009 og merkimiðinn á þessu unna dýraprótíni úr öldum skordýrum, svínum eða alifuglum skulu greinilega merkt með eftirfarandi orðum: „Unnið dýraprótín úr ... [setjið inn viðkomandi alidýr, sem unna dýraprótínið er úr, sem eru tilgreind í fyrsta dálkinum í töflu 1] – má ekki nota í fóður handa alidýrum nema ... [setjið inn viðkomandi alidýr, sem fóðra má á unna dýraprótíninu, sem eru tilgreind í öðrum dálkinum í töflu 1]“.
2. Eftirfarandi orð skulu komu skýrt fram á merkimiða fóðurblandna sem innihalda unnið dýraprótín úr öldum skordýrum, svínum eða alifuglum: „inniheldur unnið dýraprótín úr ... [setjið inn viðkomandi alidýr, sem unna dýraprótínið er úr, sem eru tilgreind í fyrsta dálkinum í töflu 1] – má ekki gefa alidýrum nema ... [setjið inn viðkomandi alidýr, sem fóðra má á unna dýraprótíninu, sem eru tilgreind í öðrum dálkinum í töflu 1]“.

*Tafla 1*

| Alidýr sem unna dýraprótínið er úr | Alidýr sem fóðra má á unna dýraprótíninu |
|---|---|
| Alin skordýr | Lagareldisdýr, loðdýr, svín, alifuglar |
| Svín | Lagareldisdýr, loðdýr, alifuglar |
| Alifuglar | Lagareldisdýr, loðdýr, svín |
| Alin skordýr og svín | Lagareldisdýr, loðdýr, alifuglar |
| Alin skordýr og alifuglar | Lagareldisdýr, loðdýr, svín |
| Svín og alifuglar | Lagareldisdýr, loðdýr |
| Alin skordýr, svín og alifuglar | Lagareldisdýr, loðdýr“ |